

við frv. til l. um skólakostnað.

Frá minni hl. menntamálanefndar (SE, IG, EOl).

1. Við 5. gr. 1. málsg. orðist svo:  
Menntamálaráðuneytið skal sjá um eftirlit með undirbúningi skólamannvirkja, endurskoða reikninga, kostnaðaráætlanir, útbóðs- og vinnulýsingar, líta eftir, að framkvæmd verksins sé í samræmi við teikningar og útbóðs- og vinnulýsingar, sjá um úttekt að verki loknu o. s. frv.
2. Við 6. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: og telst þetta til stofnkostnaðar.
3. Við 7. gr.
  - a. 1. málsg. orðist svo:  
Ríkissjóður greiðir 50% stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis þeirra skóla, er lög þessi taka til, og 100% stofnkostnaðar fullbúins heimavistarrýmis. Með heimavistarrými teljast m. a. skólastjóra- og kennaraibúðir. Ríkissjóður greiðir 75% stofnkostnaðar skólastjóraibúðar heimangöngubarnaskóla, þar sem nauðsyn krefur slíkra bygginga.
  - b. 3. mgr. orðist svo:  
Hlutaðeigandi sveitarsjóðir greiði þann hluta stofnkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki.
4. Við 8. gr. Greinin falli niður.
5. Við 13. gr. Fyrri másl. orðist svo:  
Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti, ef fjárveitingar til skólamannvirkis nægja ekki til greiðslu  $\frac{1}{3}$  hluta áætlaðs stofnkostnaðar.
6. Við 14. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkissjóður greiðir allan stofnkostnað þeirra skóla, sem eru eign ríkisins, þegar lög þessi taka gildi.  
Laugaskóli í S.-Þingeyjarsýslu kemur undir ákvæði þessarar greinar, verði sá skóli afhentur ríkinu samkv. heimild í lögum nr. 34 1962.
7. Við 15. gr. Síðasta mgr. orðist svo:  
Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að tryggt sé, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé handbært, þegar á þarf að halda.
8. Við 16. gr. Síðari mgr. orðist svo:  
Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður, ef með því sparast heimavistarrými, að mati ráðuneytisins.
9. Við 20. gr.
  - a. 3. málsg. orðist svo:  
Nú kemur í ljós, að reiknaðar stundir eru ekki nægjanlegar, að dómi ráðuneytisins, til að fullnægja námsskrá og þörfum hvers einstaks skóla fyrir nauðsynlega starfskrafta, miðað við starfstíma skóla, nemendafjölda, vixl-kennslu og störf þau, sem nauðsynleg eru á þessu sviði, og skal þá fjölga reiknuðum stundum svo, að þessu marki verði náð.
  - b. 4. mgr. falli niður.
  - c. 7. mgr. falli niður.
10. Við 21. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkissjóður greiðir eftir á, samkv. endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Flutningskostnað nemenda, þegar við það sparast heimavist, bygging skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum, greiðir ríkissjóður að fullu. Heilbrigðisþjónustu í öllum skólaflokkum greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði.  
Ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað í þeim skólum, sem eru eign ríkisins.
11. Við 23. gr. Fyrri mgr. orðist svo:  
Sveitarfélög greiða að hálfu á móti ríkissjóði hitun, rafmagnsnotkun, húsvörzlu og váttryggingargjöld skólamannvirkja. Þó greiðir ríkissjóður að  $\frac{3}{4}$  hitunarkostnað í heimavistarskólum, þar sem ekki nýtur jarðhita. Allan annan rekstrarkostnað, sem ekki er sérstaklega nefndur, greiða sveitarfélög að fullu.
12. Við 24. gr. Síðasta mgr. orðist svo: Heimavistargjöld í heimavistum skulu nemendur ekki greiða.